



# **Þróun kennaramenntunar við Menntavísindavið Háskóla Íslands**

Greinargerð um vinnuferli og áherslur við mótun kennaranáms frá 2008

Máí 2014

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Anna Kristín Sigurðardóttir

Maí 2014

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Anna Kristín Sigurðardóttir

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>AÐDRAGANDI</b> .....	<b>4</b>
<b>3</b>	<b>VINNUFERLI FRÁ 2008</b> .....	<b>7</b>
	OPNIR UMRÆÐUFUNDIR UM KENNARAMENNTUN .....	8
	VINNA VIÐ NÁNARI ÚTFÆRSLU OG NÁMSSKRÁRGERÐ.....	9
	MÓTUN NÁMS FYRIR FRAMHALDSSKÓLAKENNARA .....	9
<b>4</b>	<b>HELSTU ÁHERSLUR OG HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR</b> .....	<b>10</b>
	STEFNA KENNADEILDAR .....	14
	HÆFNIVÍÐMIÐ FYRIR KENNARA – VEGVÍSIR FYRIR KENNARAMENNTUN.....	14
	UM VETTIVANGSNÁM OG TENGL VÍÐ STARFSVETTIVANG .....	15
	Í HNOTSKURN.....	16
<b>5</b>	<b>NOKKUR HELSTU ÁLITA- OG ÁTAKAMÁL</b> .....	<b>17</b>
	HVAR LIGGUR MEGINÁBYRGÐ OG VALD?.....	17
	ÁHERSLA Á SÉRHÆFINGU Á MÓTI ÁHERSLU Á BREIÐA ÞEKKINGU.....	20
	HVAÐ TELST VERA FAGGREIN/KENNSLUGREIN/GREINASVIÐ? .....	21
	UM ÍSLENSKU Í KENNARANÁMI .....	22
	Í HNOTSKURN.....	23
<b>6</b>	<b>NÁMSLEIÐIR OG SKIPAN NÁMSINS</b> .....	<b>23</b>
	LEIKSKÓLAKENNARANÁM .....	26
	GRUNNSKÓLAKENNARANÁM .....	27
	FRAMHALDSSKÓLAKENNARANÁM .....	28
	HELSTU BREYTINGAR Í HNOTSKURN .....	28
<b>7</b>	<b>UM SAMSTARF VIÐ ÖNNUR SVIÐ HÍ OG AÐRA HÁSKÓLA</b> .....	<b>28</b>
<b>8</b>	<b>AÐSÓKN AÐ KENNARANÁMI</b> .....	<b>30</b>
<b>9</b>	<b>AÐ LOKUM</b> .....	<b>35</b>
	HEIMILDIR .....	37

**Myndir:**

Mynd 1 Leikskólakennarafræði til B.Ed.-gráðu, fjöldi umsækjenda og þeirra sem hefja nám.....	31
Mynd 2 Fjöldi umsókna og þeirra sem hefja nám í leikskólakennarafræðum 2012 – 2013.....	32
Mynd 3 Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-gráðu, fjöldi umsækjenda og þeirra sem hefja nám.....	33
Mynd 4 Fjöldi umsókna og innritaðra í meistaranám í grunnskólakennarafræðum 2012 og 2013 .....	34
Mynd 5 Fjöldi umsókna og innritaðra í Kennslufræði iðnmeistara og Kennslufræði framhaldsskóla, 2012 – 2013.....	34

## 1 INNGANGUR

Í þessari samantekt er rakin þróunin við endurskoðun náms við Menntavísindasvið Háskóla Íslands frá árinu 2008 þegar sviðið varð til við sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands. Það ár voru einnig samþykkt ný lög um kennaramenntun þar sem gerð er krafa um meistaragráðu til kennsluréttinda og samþykkt ný lög fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þetta var því talsverður umbrotatími í sögu kennaramenntunar. Tilgangur þessarar greinargerðar er að draga saman upplýsingar, m.a. um vinnuferli og áherslur við mótun kennaramenntunar á þessu tímabili. Tilfnið er m.a. mat á sameiningu KHÍ og HÍ 2014. Umfjöllunin byggir á skrifuðum skýrslum, minnisblöðum, fundargerðum og fleiri skrifuðum gögnum. En einnig á sjónarmiðum og upplifun höfundar sem var deildarforseti Kennaradeildar stærstan hluta þessa tímabil. Gerð er grein fyrir aðdraganda og vinnuferli við þróun kennaramenntunar í samræmi við ný lög, fjallað um hugmyndafræðilegan bakgrunn, stærstu línur í námsskipan, helstu átakamál sem tengdust nýskipan kennaranáms og að lokum þróun í nemendafjölda.

## 2 AÐDRAGANDI

Tímabilið 2008 – 2014, sem hér er til umfjöllunar, var umbrotatími í sögu kennaramenntunar vegna nýrra laga um kennaramenntun, sameiningar KHÍ og HÍ og mikils niðurskurðar á fjármagni í kjölfar efnahagshruns árið 2008. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem kennaramenntun er umbreytt eða að tekist er á um inntak og áherslur. Segja má að slíkt hafi fylgt sögu hennar allt frá upphafi hennar 1908. Ekki er reynt að gera þeirri sögu skil hér það hafa aðrir gert (t.d. Jóhanna Einarsdóttir, 2011; Kristín Aðalsteinsdóttir, 2007; Loftur Guttormsson, 2008; Ragnhildur Bjarnadóttir, 2012).

Nám grunnskólakennara var fært á háskólastig með lögum sem samþykkt voru á Alþingi 1971 (sjá t.d. Helgi Skúli Kjartansson, 2008) en nám leikskólakennara 1997 í framhaldi af því að leikskólinn var skilgreindur sem fyrsta skólastigið (Jóhanna Einarsdóttir, 2011). Nám framhaldsskólakennara var skipulagt sem 30/60 eininga kennsluréttindanám á meistarastigi. Umræða um nauðsyn þess að lengja grunnnám grunnskólakennara úr þremur árum í fjögur eða fimm ár hefur staðið lengi eða frá því um 1980 (Kristín Aðalsteinsdóttir, 2007). Samþykkt voru lög (nr. 29/1988) á Alþingi árið 1988 um lengingu í fjögur ár til samræmis við það sem gerðist í nágrannalöndum

okkar en sú lenging var slegin af þremur árum seinna (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2012). Meginrökin voru að styrkja kjörsviðin og vettvangsnám. Tímamót urðu í sögu Kennaraháskólans 1998 þegar hann sameinaðist Fósturskóla Íslands, Proskapjálfaskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands. Höfuðrökin voru að styrkja forsendur til rannsókna á fræðasviði skóla og uppeldismála (Kristín Aðalsteinsdóttir, 2007).

Segja má að vinna við endurskipulagningu kennaranáms við Kennaraháskóla Íslands og síðar Menntavísindasvið, vegna fyrirhugaðrar lengingar náms í fimm ár, hafi formlega hafist árið 2004 með samþykkt Háskólaráðs Kennaraháskólans á nýrri stefnu 2005 – 2010 (Kennaraháskóli Íslands, 2005), sem fól í sér viðamiklar breytingar á kennaranámi. Haustið 2005 var síðan haldið umfangsmikið málþing sem bar yfirskriftina *Nám í nýju samhengi*, en erindin sem haldin voru á málþinginu voru gefin út í samnefndu riti (Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir, 2005). Þá þegar voru taldar sterkar líkur á því að meistaragráðu yrði krafist til kennsluréttinda og var málþingið hugsað sem liður í þeirri endurskipulagningu. Menntamálaráðuneytið hafði skipað starfshóp um lengingu námsins þar sem m.a. var eindregið lagt til að kröfur um fimm ára menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara verði staðfestar með lögum (Menntamálaráðuneytið, 2006). Ragnhildur Bjarnadóttir (2012) gerir góða grein fyrir þessari vinnu allt frá því að háskólaráð Kennaraháskólans markaði skólanum nýja stefnu í desember 2004. Meginmarkmið stefnunnar var að auka gæði kennaranámsins, m.a. með aukinni áherslu á rannsóknir og tengsl við vettvang. Nýtt námsskipulag sem tók gildi haustið 2007 var skipulagt sem samfelld fimm ára háskólanám til meistaragráðu í samræmi við nýtt lagafrumvarp um fimm ára kennaranám sem hafði verið langt fram á Alþingi (Kennaraháskóli Íslands, 2008). Talsverð vinna reyndist þó vera eftir við nánari útfærslu eftir að lögin voru endanlega samþykkt vorið 2008 (Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008) og síðar með reglugerð um inntak menntunar (nr. 872/2009).

Meginrök fyrir lengingu kennaranáms eru tilgreind í greinargerð með frumvarpi til laga (Þingskjal nr. 322/2007-2008) um menntun kennara og skólastjórnenda, þar segir m.a.:

Ljóst er að beint samhengi er á milli gæða og skilvirkni menntakerfis annars vegar og menntunarstigs, lífsgæða og efnahagsþróunar samfélagsins hins vegar. Þetta er löngu viðurkennt í þeim löndum sem við Íslendingar berum okkur saman við. Við stefnumörkun í skólamállum á vegum alþjóðastofnana og einstakra ríkja hafa menn jafnframt í vaxandi mæli gert sér grein fyrir miðlægri stöðu kennarans í breytingaferlinu og þeirri kjölfestu sem kennaramenntun er í menntakerfinu. Af þessum sökum hefur starfsmenntun kennara verið tekin til endurskoðunar víða um heim. Austanhafs og vestan hafa menn reynt að greina fjölbreytileika kennarastarfsins og alls staðar komist að þeirri niðurstöðu að efla þurfi kennaramenntun fyrir öll skólastig og tryggja stöðu hennar á háskólastigi.

Undirbúningur að sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands hófst fyrir alvöru skömmu eftir síðustu aldamót. Í greinargerð með frumvarpi til laga um sameiningu (Þingskjal nr. 519/2005-2006) eru m.a. tilgreind meginmarkmið með sameiningu háskólanna beggja. Þau eru:

- 1.1. Að stuðla að eflingu háskólamenntunar á Íslandi með sameiningu háskólastofnana sem verða með því sterkari heild sem byggir á sérstöðu og sérhæfingu þeirra beggja.
- 1.2. Að tryggja fjölbreyttara og sveigjanlegra námsframboð í grunn- og framhaldsnámi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum og annarra uppeldisstétta.
- 1.3. Að skapa aukin tækifæri fyrir nemendur í ólíkum deildum sameinaðs háskóla til að tengja nám sitt kennaranámi.
- 1.4. Að styrkja kennslu og rannsóknir í uppeldis- og menntunarfræðum og skapa forsendur fyrir samþættingu slíkra rannsókna við aðrar rannsóknir sem stundaðar eru í sameinuðum háskóla.
- 1.5. Að efla stoðþjónustu í sameinuðum háskóla og auka stuðning við nemendur og starfsfólk.
- 1.6. Að skapa forsendur fyrir því að sameinuð stofnun veiti menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem og annarra tengdra greina á Íslandi sem sé sambærileg við það sem best gerist í okkar nágrannalöndum.

Lögð var m.a. áhersla að aukna faglega breidd og fjölbreytni í kennaranámi.

### 3 VINNUFERLI FRÁ 2008

Nýtt og mikið umbreytt námsskipulag í kennaramenntun tók gildi árið 2007 eins og áður hefur komið fram. Til að halda áfram vinnunni við endurskipulagningu námsins skipaði háskólaráð Kennaraháskóla Íslands starfshóp þann 26. mars 2008 sem skyldi setja fram tillögur um inntak og áherslur í fimm ára samfelldu kennaranámi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Fulltrúar í hópnum voru frá Kennaraháskólanum, Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hópnum var sérstaklega ætlað að vinna á grunni þeirrar vinnu sem unnin var í aðdraganda breytinga árið 2007. Áhersla var lögð á samstarf og samráð við hagsmunaaðila utan Menntavísindasviðs. Í því skyni beitti hópurinn, ásamt deildarráði Kennaradeildar, sér m.a. fyrir málþingi um *Kennaramenntun á tímamótum* í maí 2008 þar sem hagsmunaaðilar settu fram áhersluatriði sín. Auk þess var óskað eftir umsögnum og ábendingum og haldnir kynningar og upplýsingafundir á nokkrum skólaskrifstofum og með hópum kennara og skólastjórnenda. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum í febrúar 2009 til Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, sem þá hafði tekið við hlutverki Kennaraháskóla Íslands (Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson (ritstjórar), 2009). Í skýrslunni voru settar fram tillögur m.a. um hugmyndafræðilegan grunn, hæfnivímið og útfærslu.

Í beinu framhaldi af því skipaði stjórn Menntavísindasviðs HÍ annan starfshóp til að vinna áfram að tillögum um inntak í fimm ára kennaranámi. Hópnum var ætlað að vinna að stefnu sviðsins um kennaramenntun hvað varðar m.a. hugmyndafræði og heildarskipulag, ásamt því að skila tillögu um námsskipan ólíkra námsleiða. Starfshópurinn var skipaður kennurum af Menntavísindasviði ásamt fulltrúum nemenda. Lagt var upp með að breyta sem minnstu við skipulag á bakkalárstigi þar sem lítil reynsla væri komin á þá námsskipan sem samþykkt var 2007 og var hugsuð fyrir nýtt kennaranám. Það gekk þó ekki alveg eftir. Hópurinn skiptist í undirhópana *Kennsla yngri barna*, *Kennsla eldri barna* (mið- og unglíngastig) og *Kennsla í framhaldsskóla*. Starfshópurinn skilaði Áfangaskýrslu II í október 2009, þar sem gerð er grein fyrir tillögum í tvennu lagi, annars vegar tillögum sem ætlað er að mynda grunn að skipulagi námsins og í öðru lagi fyrstu hugmyndum að skipan mismunandi námsleiða í kennaranámi (Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 2009).



Námsnefndir í Kennaradeild sem voru skipaðar kennurum ásamt fulltrúum nemenda unnu áfram að því að móta tillögur og í apríl 2010 var gefin út greinargerð um námsleiðir í kennaranámi við Menntavísindasvið (Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 2010). Þar var útskýrður hugmyndafræðilegur grundvöllur námsins og gerð grein fyrir tillögum um skipan námsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu voru kynntar þessar hugmyndir á fundi og með minnisblaði frá deildarforseta Kennaradeildar þann 15. júní 2010. Óskað var eftir áliti ráðuneytisins á því hvort þær samræmdust ákvæðum laga nr. 87/2008 um menntun kennara og reglugerðar um inntak kennaramenntunar nr. 872/2009. Í minnisblaði frá deildarforseta er m.a. tekið fram að kappkostað hafi verið að fylgja fyrirmælum reglugerðar (nr. 872/2009) en þó eru dregin fram fjögur atriði sem gætu þarfnast sérstakrar túlkunar af hálfu ráðuneytisins. Þau varða í fyrsta lagi diplómunám á meistarastigi í leikskólakennarafræðum, ætlað þeim sem lokið hafa grunnnámi í annarri grein, sem tengist þó námssviðum leikskólans. Í öðru lagi er lagt til að faggrein í grunnskólakennarafræðum geti innihaldið bæði kennslugrein og námssvið. Í þriðja lagi er lagt til að nemar geti valið á milli þess að sérhæfa sig í einni kennslugrein (120 e), tveimur (80e + 40e) eða í kennslugrein og námssviði. Í fjórða lagi er lagt til að verðandi framhaldsskólakennarar, sem hafa lokið a.m.k. 180e í faggrein, geti stundað meistaranám sitt í uppeldis- og menntunarfræðum (120e). Ráðuneytið gerði ekki athugasemdir við þessi áform sviðsins í svarbréfi dags. 12. ágúst 2010, og var þá ekkert að vanbúnaði.

### ***Opnir umræðufundir um kennaramenntun***

Haldnir voru fimm opnir umræðufundir um kennaramenntun í maí og júní 2010 undir yfirskriftinni *Kennaramenntun í deiglu*. Tilgangur þeirra var að gefa sem flestum tækifæri til að taka þátt í umræðu um mótun nýja kennaranámsins en ítrekaðar óskir höfðu borist frá aðilum bæði innan og utan Háskóla Íslands um að fá tækifæri til að koma að umræðunni. Fundirnir voru flestir vel sóttir og komu framsögumenn víða að úr skólakerfinu. Efni fundanna var:

1. Hugmyndafræðileg átök í mótun kennaramenntunar
2. Samfélagið og áherslur í kennaramenntun
3. Menntun kennara á vettvangi og þróun skólastarfs
4. Hæfni kennara og leiðir í menntun

## 5. Kennaramenntun í Evrópu

Stofnaður var sérstakur vefur í tengslum við fundaröðina, þar sem m.a. má nálgast upptökur af fundunum ásamt miklu efni um kennaramenntun. Vefurinn ber heitið Kennaramenntun í deiglu og er aðgengilegur af heimasíðu Menntavísindasviðs <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/kennaranam/kennararmenntun-a-islandi/hugmyndir-menntavisindasvi%c3%b0s-og-khi-um-kennaranam/>

### ***Vinna við nánari útfærslu og námsskrárgerð***

Nám samkvæmt nýrri námskrá hófst í stórum dráttum að hausti 2010 eftir að samþykkt mennta- og menningarmálaráðuneytisins lá fyrir. En talsverð vinna var þó eftir í nánari útfærslu þeirra hugmynda sem kynntar voru í greinargerð frá því í apríl 2010, sérstaklega á meistarastigi. Sú útfærsla var í höndum námsnefnda, deildarráðs og deildarfunda Kennaradeildar (nema nám framhaldsskólakennara). Nýtt námsskipulag var til umræðu á nánast öllum fundum deildarinnar á árunum 2009 – 2011 (sjá hér: <https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=1722>). Auk þess voru haldnir sérstakir matsfundir með nemendum og kennurum. Fyrir utan að ræða áherslur og skipulag í námsframboði var nauðsynlegt að breyta skipulagi deildarinnar til að tryggja skilvirkt faglegt utanumhald um hverja námsleið. Breytingarnar birtust smátt og smátt í kennsluskrá frá hausti 2009 þar til endanleg lokagerð birtist í kennsluskrá í byrjun árs 2012 (samþykkt á deildarfundi í desember 2011), en fyrstu nemendurnir hófu meistaranám samkvæmt nýju skipulagi haustið 2012.

### ***Mótun náms fyrir framhaldsskólakennara***

Vinna við mótun nýs náms fyrir framhaldsskólakennara fór fram með nokkuð öðrum hætti heldur en fyrir hin skólastigin, þar sem það var unnið í samstarfi við aðrar deildir Háskóla Íslands. Nokkur ágreiningur var á milli Menntavísindasviðs og annarra deilda Háskólans (sérstaklega Hugvísindasvið) um menntun framhaldsskólakennara. Sá ágreiningur birtist helst við vinnslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á nýrri reglugerð um inntak kennaramenntunar haustið 2009 og gerð er nánari grein fyrir þeim síðar í þessari samantekt.

Að lokum var gert ítarlegt samkomulag um samstarf fræðasviða og deilda háskólans um menntun framhaldsskólakennara sem samþykkt var af forsetum fræðasviða þann 5. mars 2012. Þar er m.a. kveðið á um stofnun sérstakrar námsstjórnar sem skipuð er af rektor HÍ (4. gr.) til þriggja ára í senn. Í henni sitja fimm fulltrúar fræðasviða sem þau skipa sjálf, einn fulltrúi frá Félagi framhaldsskóla og fulltrúi rektors sem jafnframt er formaður (4. gr.). Námsstjórnin ber faglega ábyrgð á náminu sem er „skipulagt og stundað í umboði og á ábyrgð fræðasviða og deilda sem eru aðilar þessa samkomulags. Námsleið til M.Ed.-prófs í kennslufræði framhaldsskóla í kennaradeild Menntavísindasviðs fellur þar undir“ (3. gr.). Menntavísindasvið annast umsýslu námsins en formleg ábyrgð þess er ekki meiri en annarra deilda háskólans. Rektor skipaði Ingólf Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið, sem formann námsstjórnar fyrsta tímabilið, 2012 – 2015. Námsstjórnin hittist um það bil einu sinni í mánuði og ræðir og tekur ákvarðanir um málefni námsins, s.s. hæfnivímið, inntöku, námsskipan, kynningar og fleira.

Margar spurningar vakna við þessa niðurstöðu og hvernig hún til að mynda samræmist þeim tillögum sem verkefnishópur um skipulag og framkvæmd náms á nýju Menntavísindasviði Háskóla Íslands setti fram í skýrslu 2008 (Háskóli Íslands, 2008). Þar er lagt til að ábyrgð hins nýja Menntavísindasviðs á kennaramenntun skyldi vera ótvíræð en hvatt til samráðs við aðrar deildir og svið. Ennfremur má velta fyrir sér út frá hvaða forsendum ákvarðanir skuli teknar, t.d. um inntak og þróun menntunar framhaldsskólakennara og hvaða þekking og yfirsýn er æskileg til að undirbyggja slíkar ákvarðanir (sjá umfjöllun í kafla 4 um átaka og álitamál).

#### **4 HELSTU ÁHERSLUR OG HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR**

Hér er stiklað á stóru um helstu áherslur sem höfðu áhrif á mótun námsins frá 2008 og reynt að greina hvaðan þær áherslur koma. Kennaranám er skilgreint sem rannsóknartengt starfsnám og tekur m.a. mið af lögum um þau skólastig sem verið er að mennta kennara fyrir (sjá nánar í Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, 2009 og í fylgiskjali 1 sem er samantekt á helstu tillögum hópsins).

Hugmyndafræðilegur grunnur námsins hefur verið að mótast á löngum tíma. Ólík sjónarmið og álitamál takast á eins og Jón Torfi Jónasson (2012) rekur í hugleiðingum

sínum um kennaramenntun. Þau hverfast m.a. um efnisþætti og inntak, fagmennsku kennaramenntenda, ábyrgð, hlutverk vettvangsnáms og samstillingu.

Hugmyndafræðilegan grunn að þeirri námsskipan sem nú birtist í kennsluskrá Háskóla Íslands má finna m.a. í fyrri stefnum Kennaraháskóla Íslands og þá sérstaklega þeirri sem samþykkt var árið 2005 þar sem áréttuð var tenging kennaranáms við starfsvettvang og rannsóknir (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2012).

Á málþingi um *Kennaramenntun á tímamótum*, sem haldið var í maí 2008, komu fram fjölmargar ábendingar um mikilvæga þætti í kennaramenntun (sjá samantekt um niðurstöður þingsins í Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, 2009, Fylgiskjal 3 ). Þar eru m.a. dregin fram meginþættir þingsins sem eru:

Kennarar framtíðar skulu menntaðir til að takast á við fjölbreytt, dagleg viðfangsefni skólastarfs á faglegan og farsælan hátt. Þeir skulu ekki síður vera menntaðir til að leiða framtíðarþróun skólastarfs hver á sínu sviði. Þetta skal gert í nánnum tengslum við umhverfið þ.m.t. væntanlegan starfsvettvang með áherslu á hæfni til að eiga samstarf við ólíka aðila innan og utan skólans.

Áhersla á samskipti var rauður þráður í niðurstöðum málþingsins. Þessi niðurstaða var síðan höfð að leiðarljósi við áframhaldandi vinnu. Fyrsti starfshópurinn (Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, 2009) greindi helstu strauma og stefnur í starfsháttum skóla sem ættu að hafa áhrif á kennaramenntun. Til hliðjónar var voru m.a. niðurstöður rannsókna á kennaramenntun, stefnumörkun á vettvangi evrópusambandsins, ný lög um öll skólastig frá 2008 og niðurstöður málþings um *Kennaramenntun á tímamótum*. Þau greindu nokkra lykilþætti:

### *1. Fjölbreytt verkefni kennara*

Kennarar þurfa að glíma við fjölbreyttari verkefni en áður og þurfa því að búa yfir dýpri og breiðari þekkingargrunni en áður. Fyrir utan miðlun á hefðbundnum viðfangsefnum skóla eru gerðar eru kröfur um að kennarar móti námskrár skólanna, rækti siðferðiskennd og borgaravitund nemenda, auki skilning á lýðræði, stuðli að jafnrétti, þjálfni nemendur í gagnrýnum samræðum, leggi sérstaka rækt við listir og skapandi starf og hafi sjálfbærni í víðustu merkingu þess orðs að leiðarljósi í öllu skólastarfi. Auk þess kallar aukinn fjölbreytileiki nemenda á þekkingu á að fjölbreytt

menning, tungumál og trúarbrögð séu viðurkenndur þáttur í öllu skólastarfi (Hanna Ragnarsdóttir 2010; Ingvar Sigurgeirsson, 2003; Jón Torfi Jónasson, 2012; Kristín Norðdahl, 2009).

## 2. Samstarf og samvinna

Í flóknum fræðslu- og menntastofnunum er meiri þörf en áður á að kennarar búi yfir mikilli samstarfshæfni til að vinna með ólíkum aðilum innan og utan skólans og hæfni til að greina og vinna með samskipti nemenda sinna. Á fyrrnefndu málþingi um *Kennaramenntun á tímamótum* lögðu þátttakendur mikla áherslu á tengsl við starfsvettvang. Þetta gildi bæði um námið sjálft þar sem kennaranemar fá tækifæri til að kynna skólastarfi en ekki síður um samstarf milli kennaramenntunarstofnana og skóla og skólafyrivalda, meðal annar um áherslur, inntak, rannsóknir, símenntun kennara og skólaþróun. Aukið samstarf vísar ekki einungis til starfa kennara með nemendum, foreldrum og öðrum fagmönnum innan skólastofnana heldur ekki síður til þess að menntun og skólastarf eigi að vera sameiginlegt verkefni samfélagsins.

## 3. Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar hefur verið þungamiðja umræðu um skólastarf um langt skeið hér á landi eins og reyndar í nágrannalöndum okkar, a.m.k. frá því að Ísland undirgekkst svokallaða Salamancayfirlýsingu árið 1994. Grundvöllur hennar er sá að litið er á menntun sem frumrétt hvers barns, menntun sem fer fram innan almenns skólakerfis og miðast við þarfir hvers og eins. Unnið hefur verið að framgangi þessarar stefnu á mörgum sviðum en hún var fyrst sett í lög með skýrum hætti árið 2008, og er nýlunda í lögum um framhaldsskóla. Niðurstöður íslenskra rannsókna benda til að enn sé nokkuð í land með að skólar hér á landi hafi yfir að ráða nauðsynlegri hæfni til að koma til móts við þessa stefnu þótt margt hafi áunnist (t.d. Gretar L. Marinósson (ritstjóri), 2007). Ljóst er að skóli án aðgreiningar þarf að vera þungamiðja í kennaramenntun en slík stefna gerir miklar kröfur um faglega hæfni kennara. Undir þennan lið má jafnframt fella hugmyndir og kröfur um samfellu á milli skólastiga sem er þáttur í því að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda sem settar hafa verið fram af menntamálaráðuneyti, Kennarasambandi Íslands og ýmsum sveitarfélögum.

#### 4. Fagmennska

Niðurstöður málfingsins um kennaramenntun á tímamótum og almennrar umræðu um kröfur til kennara má túlka sem ákall um endurskilgreiningu á hugtakinu um fagmennsku kennara. Kennaranám þarf að undirbúa nema til að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda, geta unnið með ólíkum hópum og fagstéttum og tekist á við almenn verkefni en einnig sérhæfð. Sjálfstæði er ekki lengur þungamiðja í sjálfsmýnd kennara heldur samvirkni, samvinna og samábyrgð (Anna Kristín Sigurðardóttir, 2010; Trausti Þorsteinsson, 2002; Zgaga, 2008). Í faglegri umræðu er jafnframt lögð mikil áhersla á að kennarar séu fagmenn sem geti tekist á við breytingar og verið gerendur í þróun skólustarfs hver á sínu sviði, m.a. með því að vera virkir rannsakendur í eigin starfi. Í skipan námsins var leitast við að gefa nemendum möguleika á að velja margvíslega sérhæfingu fyrir utan kjarnafög. Því geta kennarar sem útskrifast frá sviðinu haft ólíka menntun þótt þeir útskrifist frá sömu deild og jafnvel af sömu námsleið. Með þessu móti er reynt að koma til móts við þarfir skólanna fyrir sérfræðilekkingu á mörgum sviðum.

Kennaranám á Menntavísindasviði er skilgreint sem rannsóknartengt starfsnám sem felur í sér að tengsl við vettvang og rannsóknir einkenna kennsluhætti í öllum námskeiðum (Kennaraháskóli Íslands, 2004). Litið er svo á að nám fari fram í félagslegu samhengi, þ. e. að nám byggji á þremur meginþáttum; félagslegum aðstæðum, færni einstaklings og áhugahvöt hans, ásamt gagnvirkum samskiptum milli þessara þátta. Kennaranemi byggir upp eigin fagmennsku og er jafnframt nemandi sem lærir með því að taka þátt í starfi með börnum og ungmennum, undirbýr sig undir starf með börnum og ungmennum í margbreytilegu samfélagi með því að læra að læra (Ellis, Edwards og Smagorinsky, 2010).

Ný aðalnámskrá (2011) hefur óhjákvæmilega haft áhrif á mótun námsins og þá sérstaklega grunnþættirnir sex: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Þetta birtist m.a. í nýjum skyldunámskeiðum um menntun til sjálfbærni í námi grunnskólakennara, um námskrá og skólaþróun í námi framhaldsskólakennara og 40e námssviði í námi leik- og grunnskólakennara um grunnþætti og gildi. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2012) fjallar um áhrif grunnþátta á fagmennsku kennara og þar með talið á kennaramenntun. Hann telur m.a. brýnt að

mennta kennara til að taka frumkvæði að breytingum og að leggja þurfi áherslu á fjölbreytni í kennarahópnum. Ennfremur voru hafðar til hliðsjónar erlendar rannsóknir og ályktanir, t.d. á sviði Evrópusambandsins (sjá nánar í Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson (2009).

### ***Stefna kennaradeildar***

Kennaradeild samþykkti stefnu 2010 – 2015 í október 2010 sem má nálgast hér

<http://vefir.hi.is/kennaramenntun/files/2011/02/hlutverkogstefnakennaradeildar.pdf>

Þar segir m.a.

Meginhlutverk kennaradeildar Menntavísindasviðs er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við vettvang, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. ... starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf.

Eftirfarandi áherslupættir eru sérstaklega tilgreindir og útfærðir:

1. Nám við kennaradeild er starfsnám sem menntar kennara og stuðlar að þróun íslenskra skóla.
2. Kennaradeild vinnur náið með starfsvettvangi.
3. Vandaðir kennsluhættir í kennaranámi eru fyrirmynd árangursríks starfs á öðrum skólastigum og fræðsluvettvangi.
4. Í kennaradeild er lögð rík áhersla á tengsl rannsókna og kennslu.
5. Í kennaradeild er unnið að virkum tengslum við erlenda háskóla.

Stefnan var hugsuð sem innlegg í heildarstefnu sviðsins um kennaramenntun.

### ***Hæfniviðmið fyrir kennara – vegvísir fyrir kennaramenntun***

Hæfniviðmið fyrir kennara voru til umræðu á öllum sigum ferlisins. Starfshópurinn sem skilaði í febrúar 2009 lagði fram tillögu um hæfniviðmið sem voru síðan til umræðu í þeim hópi sem næstur tók við. Niðurstaðan varð eftirfarandi:

Kennarar á öllum skólastigum:

**Búa yfir þekkingu og færni til að skipuleggja nám og námsumhverfi sem hæfir ólíkum einstaklingum í fjölbreyttu samfélagi**

- Búa yfir þekkingu og skilningi á sögulegu, félagslegu og menningarlegu gildi menntunar og skólastarfs.
- Hafa frumkvæði og eru skipandi í skipulagi náms og námsumhverfis.
- Geta aðlagð nám og námsumhverfi á þann veg að nemendur (börn, ungmenni, fullorðnir) geti unnið bæði sjálfstætt og með öðrum.
- Hafa gott vald á viðfangsefni sínu í kennslu.

### **Geta átt samskipti við ólíka aðila og unnið með samskipti í skólastarfi**

- Hafa á valdi sínu fjölbreyttar leiðir í samskiptum sínum við þá aðila sem tengjast

skólastarfi; nemendur, foreldra, samkennara og aðra fagmenn.

- Eru fyrirmyndir í samskiptum og búa yfir hæfni til að styrkja félags- og samskiptafærni nemenda.

### **Leggja rækt við jákvæð viðhorf og mikilvæg gildi**

- Hafa þekkingu og færni til að vinna með siðferðileg og félagsleg gildi, s.s. sanngirni, heiðarleika, réttlæti, víðsýni, lýðræði og mannréttindi.
- Eru færir um að meta samfélagsleg gildi menntunar og setja í samhengi við hlutverk hvers skólastigs.

### **Eru leiðandi á sviði uppeldis, náms og menntunar**

- Hafa fræðilega þekkingu í uppeldis- og menntunarfræði ásamt færni til að beita henni við skipulag og stjórnun.
- Hafa yfirsýn yfir markmið og skipulag skólastarfs.
- Eru færir um að beita þekkingu sinni til að ígrunda, þróa og rannsaka eigið starf og starfshætti.
- Hafa forsendur til þess að endurnýja starfshætti sína og stuðla að betri árangri með því gera rannsóknir á eigin starfi og að nýta rannsóknir annarra.

Þessi viðmið voru síðan lögð til grundvallar við vinnu við hæfniviðmið einstakra námsleiða sem birust í Kennsluskrá 2012-2013. Þau voru unnin í samræmi við *Viðmið um æðri menntun og prófgráður* (nr. 530/2011). Sérstök nefnd var skipuð sem skilaði ítarlegum tillögum auk þess sem hæfniviðmiðin voru til umfjöllunar á allmörgum fundum í Kennaradeild. Hæfniviðmiðin má lesa í lýsingum við hverja námsleið í Kennsluskrá Háskóla Íslands, en þeim er ætlað að vera lýsandi fyrir þá þekkingu, leikni og hæfni sem verðandi kennarar skulu búa yfir við lok náms.

### ***Um vettvangsnám og tengsl við starfsvettvang***

Áhersla hefur verið lögð á öflug tengsl við væntanlegan starfsvettvang, sem eru leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar. Þetta var eitt af þremur áhersluatriðum í



stefnu Kennaraháskólans frá því í desember 2004 og hefur verið í mótun allar götur síðan (Ragnildur Bjarnadóttir, 2012). Á grundvelli þeirrar stefnu var fyrirkomulagi á vettvangsnámi breytt 2008 og auglýst eftir leikskólum og grunnskólum til að verða samstarfsskólar Kennaraháskólans um menntun kennara. Mikill áhugi var meðal skólanna og var í kjölfarið gerður samningur við um 60 leikskóla og 60 grunnskóla sem tóku að sér að vera samstarfsskólar Kennaraháskólans og síðar Menntavísindasviðs um menntun ákveðins hóps kennaranema. Sefnt var að marvissri þjálfun nema á vettvangi og virkum tengslum fræða og framkvæmdar. Vettvangsnám er ekki einungis hugsað til að gefa kennaranemum tækifæri til að „prófa“ fræðin við raunverulegar aðstæður, heldur er gengið út frá því að reynsla á vettvangi hafi einnig áhrif á hvernig nemarnir tileinka sér fræðin. Til að styðja við þetta er vettvangsnám nú skilgreint sem hluti af námskeiðum í stað þess að vera sjálfstæðar einingar í náminu eins og áður var. Þetta fyrirkomulag hefur verið í mótun en ítarlegar tillögur starfshóps (Anna Kristín Sigurðardóttir o.fl. 2008) hafa þó ekki allar gengið eftir.

### ***Í hnotskurn***

Kennaranám á Menntavísindasviði er skilgreint sem rannsóknartengt starfsnám sem felur í sér að tengsl við vettvang og rannsóknir skulu einkenna kennsluhætti í öllum námskeiðum. Lögð er áhersla á að undirbúa kennara til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og að leiða faglega þróun þess, kennara sem hafa góða þekkingu á viðfangsefnum sínum og færni til að skapa námsumhverfi sem hæfir margbreytilegum nemendahópi. Þeim er ætlað að vinna í samstarfi við marga ólíka aðila og að geta unnið með samskipti í skólastarfi.

Lögð er áhersla á mikilvægi fjölbreytni í kennarahópum og möguleika til sérhæfingar og dýpkunar í kennaranáminu fremur en að allir fái yfirborðsþekkingu á mörgum þáttum. Heildaráhrif og innbyrðis tengsl í náminu eru grundvallaratriði þegar kemur að því að meta gæði námsins. Gengið er út frá teymisvinnu í skólastarfi á öllum skólástigum, þar sem saman koma kennarar sem hafa aflað sér sérþekkingar á ólíkum sviðum skólastarfsins.

## 5 NOKKUR HELSTU ÁLITA- OG ÁTAKAMÁL

Hugmyndafræðileg átök um kennaramenntun eru vel þekkt víða um heim og umræðan hér á landi endurspeglar þau. Jón Torfi Jónasson rakti þau vel í erindi sem hann hélt í fundaröðinni um Kennaramenntun í deiglu ([www.hi.is/kennaramenntun](http://www.hi.is/kennaramenntun)) árið 2010 og í grein sinni um hugleiðingar um kennaramenntun (Jón Torfi Jónasson, 2012). Þar fjallar Jón Torfi m.a. um þá einföldun sem oft einkennir umræðu um kennaramenntun og gengur út frá því að hún innihaldi í meginráttum einungis tvo þætti, faggrein og uppeldis- og kennslufræði. Átökin snúist þá um umfang hvors fyrir sig. Jón Torfi segir myndina miklu flóknari og tilgreinir ellefu þætti sem þarf að virða í heilsteyptri kennaramenntun og er í raun tekist á um umfang þeirra allra þótt sumir þeirra séu að vísu algerlega vanræktir. Ekki er gerð nánari grein fyrir þessari víðtæku umræðu hér þótt nauðsynlegt sé að hafa hana í huga til að skilja þau öfl sem móta kennaramenntun. Hér verður einkum fjallað um nokkrar af þeim spurningum sem helst var tekist á um í vinnunni við mótun kennaranáms frá samþykkt laga (87/2008). Flestar tengjast þær ákvæðum í reglugerð um inntak kennaramenntunar (872/2009) eða sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Tekist var m.a. á um það hvar ábyrgð og vald skulu liggja, hlutfall sérhæfingar á mótí. Almennri þekkingu sem birtist m.a. í skyldunámskeiðum, um hugtökin kennslugrein, námssvið og námsgrein, hlutfall íslensku í kennaranámi og um skipulag og greiðslur fyrir vettvangsnám. Hér á eftir er farið yfir hvernig þessi álitamál birtust við mótun námsins.

### ***Hvar liggur meginábyrgð og vald?***

Segja má að þessi spurning sé og hafi verið áleitin á öllum stigum, þ.e. að hvaða marki eru gefin fyrirmæli á landsvísu og hvað er ákveðið í hverri stofnun fyrir sig. Hún var áleitin innan Háskóla Íslands um ábyrgð Menntavísindasviðs versus önnur svið HÍ og innan Menntavísindasviðs. Þessi spurning var enn fremur áleitin í samskiptum Menntavísindasviðs við ýmsa hagsmunaaðila utan háskólans. Grunnur að þessari spurningu er að öllum líkindum meðvitund um samfélagslegt mikilvægi kennaramenntunar sem kjölfestu í menntakerfinu eins og segir í greinargerð með frumvarpi til laga um menntun kennara (þingskj. 322/2007-2008; sjá einnig McKinsey og Company, 2007). Togstreita um ábyrgð og vald er í raun birtingarmynd miklu stærra máls, þ.e. hvaða sjónarmið skuli leggja til grunvallar við ákvarðanir um

inntak og áherslur. Jón Torfi Jónasson (2012) bendir á nauðsyn þess að leggja niður fyrir sér hver séu verkefni skólakerfisins og hver þau verði til framtíðar. Til þess að gera það þarf þekkingu, yfirsýn og innsýn í skólastarf sem m.a. næst með rannsóknum á sviði menntunar og skólastarfs.

Menntayfirvöld á landsvísu þurftu að gera upp við sig að hvaða marki þau gæfu kýrnákvæm fyrirmæli um inntak kennaramenntunar. Þær stofnanir sem mennta kennara höfðu fram til haustsins 2009 nánast sjálfðæmi um að ákveða inntak og áherslur í kennaramenntun. Í nóvember 2009 setti ráðuneytið reglugerð um inntak í menntun kennara í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum (nr. 872/2009), þá fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Við undirbúning reglugerðarinnar kallaði ráðuneytið fulltrúa þeirra stofnana sem mennta kennara til samráðs. Fyrirmæli reglugerðarinnar eru nokkuð opin og gefa stofnunum talsvert svigrúm til að ákveða inntak. Helstu ákvæði varða hlutfall faggreina annars vegar og uppeldis- og kennslufræða hins vegar í menntun kennara fyrir hvert skólastig fyrir sig og kennsluréttindi á milli skólastiga (Reglugerð um inntak kennaramenntunar, nr.872/2009).

Á vettvangi Háskóla Íslands kom fram togstreita um ábyrgð og vald við mótun náms fyrir verðandi framhaldsskólakennara og kom upp á yfirborðið í tengslum við vinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins við undirbúning reglugerðar um inntak kennaramenntunar. Spurningin snerist m.a. um hverjir væru boðaðir til samráðs og hver hefði umboð til að gefa út álit í nafni Háskólans. Niðurstöður þessa máls má túlka sem svo að Menntavísindasvið hafi ekki haft umboð til ákvarðanatöku um menntun framhaldsskólakennara umfram önnur svið Háskólans. Álit Háskóla Íslands var sent mennta- og menningarmálaráðuneyti í nafni rektors út frá niðurstöðu sem varð á fundi sviðsforseta HÍ þar sem álit forseta Menntavísindasviðs hafði sama vægi og álit annarra. Ábyrg á menntun framhaldsskólakennara innan HÍ liggur nú hjá öllum deildum HÍ með þátttöku í sérstakri námsstjórn eins og áður er rakið. Ábyrgð og áhrif Menntavísindasviðs eru þar ekki meiri en annarra sviða. Þrátt fyrir að formaður námsstjórnarinnar þetta fyrsta tímabili sé prófessor á Menntavísindasviði er ekkert í reglum um námsstjórnina sem segir að svo skuli vera. Ekki er ljóst hvaða ályktun má draga um ábyrgð og umboð Menntavísindasviðs um málefni kennaramenntunar út frá niðurstöðum þessa máls en vissulega hefur þarna skapast ákveðið fordæmi sem gæti

snert annað nám við Háskóla Íslands. Það má einnig velta fyrir sér hvernig þessi niðurstaða samræmist reglum HÍ um ábyrgð deilda á kennslugreinum (Reglur um Háskóla Íslands, nr. 569/2009, 15. gr.) þar sem ábyrgð var með þessu tekin frá Kennaradeild og færð yfir í miðlæga námsstjórn.

Spurningin um ábyrgð og ákvarðanatöku var ekki síður áleitinn innan Menntavísindasviðs. Kennaraháskóli Íslands var ekki deildarskiptur með sama hætti og Háskóli Íslands og ákvarðanir voru teknar hjá stjórn skólans að fengnu álitni frá hinum ýmsu starfshópum. Eftir sameiningu voru stofnaðar þrjár deildir þar sem deildarfundir taka ákvarðanir um málefni deildarinnar þ.m.t. námsframboð (Reglur fyrir Háskóla Íslands, nr.569/2009). Þar með var vald til ákvarðana um málefni kennaramenntunar komið að mestu til Kennaradeildar og kennarar annarra deilda sviðsins höfðu ekki aðkomu þar að, jafnvel þótt margir kennarar deildanna kenndu jafnframt í Kennaradeild. Þetta gildi að sjálfsögðu í báðar áttir; kennarar í Kennaradeild höfðu t.d. ekki lengur áhrif á námsframboð annarra deilda. En áhersla á að hafa áhrif á inntak kennaramenntunar var af einhverjum ástæðum mun sterkari heldur en á annað nám innan sviðsins. Bent var á að mikilvægar ákvarðanir væri nú í höndum tiltölulega lítils hóps (kennarar deildarinnar) og mikilvæg sjónarmið kæmust þar ekki að. Á móti var bent á samsetningu kennarahópsins í Kennaradeild þar sem koma saman mörg fræðasvið. Það gerði það að verkum að mörg sjónarmið höfðu þar málsvara en líka að erfitt gat reynst að ná niðurstöðu.

Margoft hefur verið bent á samfélagslegt mikilvægi kennaramenntunar. Í ljósi þess ættu margir hópar að eiga aðkomu að mótun námsins og var það reynar áhersluatriði hjá Menntavísindasviði. Vinnan hófst með yfirgripsmikilli hugmyndasöfnun og Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga áttu til að mynda fulltrúa í fyrsta starfshópnum (Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, 2009). Enn fremur voru áætlanir kynntar víða hjá sveitarfélögum og gefinn kostur á að senda inn umsagnir. Reynt var að yfirfæra þessar áherslur inn í kennaramenntunina. En þegar upp er staðið er það niðurstaða atkvæðagreiðslu á deildarfundum Kennaradeildar sem ræður úrslitum. Þannig má segja að leiðir mikilvægra hagsmunaaðila, eins og þeirra sem hér hafa verið nefndir til að áhrifa virðast ekki greiðar.

## **Áhersla á sérhæfingu á mótí áherslu á breiða þekkingu**

Gerð er sterk krafa til kennara um þekkingu og hæfni á mörgum sviðum skólastarfs eins og t.d. Jón Torfi (2012) dregur skýrt fram. Hann tiltekur ellefu svið í sinni greiningu og hvert og eitt þeirra má eflaust greina niður í mörg smærri svið. Í upphafi vinnunnar var ákveðið að reyna að styrkja sérfræðiþekkingu á ákveðnum sviðum skólastarfsins, einkum í ljósi þess að færst hefur í vöxt að kennarar vinna meira í teyllum og deila því þekkingu sín á milli. Þetta var síðan útfært með mismunandi hætti eftir skólastigum enda þarfirnar ólíkar, svigrúmið mismikið sem og ólíkar hefðir sem byggt var á. Í leikskólakennarafræðum geta nemar sérhæft sig til 40 eininga á meistarastigi en að öðru leyti er reynt að ná yfir sem flest skilgreind námssvið leikskólans. Nemar í grunnskólakennarafræðum geta valið á milli sextán mismunandi kennslugreina eða námssviða til 120 eininga. Að öðru leyti er um að ræða skyldunámskeið að mestu leyti. Verðandi kennarar í framhaldsskóla koma inn í meistaranám með ólíkan bakgrunn og er svigrúmið til sérhæfingar á sviði skólastarfs ekki mikið. Sá hópur, sem velur að ljúka meistaraþrófi í uppeldis- og kennslufræðum, getur valið að sérhæfa sig í ólíkum námssviðum, s.s. skóla án aðgreiningar, námsskráfræðum eða námsmati.

Ekki hefur ríkt fullkomin sátt um þessar áherslur, sérstaklega hvað varðar grunnskólakennaranámið sem hefur mikla breidd í aldri nemenda og námsgreinum. Gagnrýni hefur helst komið frá hagsmunaaðilum utan háskólans, s.s. skólastjórum sem hafa bent á að sérhæfingin sé of þröng. Kennari sem til að mynda hefur sérhæft sig í stærðfræðikennslu hafi litla sem enga undirstöðuþekkingu í því að kenna ungum börnum að lesa. Einnig hefur verið bent á að afar sjaldgæft sé að kennarar geti kennt eina eða tvær kennslugreinar, heldur séu íslenskir skólar margir af þeirri stærð að kennarar þurfi að kenna margar greinar. Á þetta bæði við um grunnskóla og framhaldsskóla. Á mótí er stundum bent á að kennarar kunni ekki „greinina sína“ nægilega vel. Ekki er einfalt að mæta þessum óskum þar sem kennarar geta ekki endilega valið sér starfsvettvang í samræmi við þá sérhæfingu sem þeir hafa valið sér í námi. Auk þess er gagnrýni á núverandi námsskipulag oft rökstutt með tilvísan í þekkingu og hæfni þeirra kennara sem hafa stundað námið samkvæmt allt öðru skipulagi en nú tíðkast.

Skólastarf er síbreytilegt og kennarar fá ólík verkefni frá ári til árs. Allt þetta styður við umræðu um þörf á stöðugri starfsþróun kennara. Þetta birtist m.a. í nokkrum átökum um inntak í svokölluðum kjarna kennaranáms, þeim hluta sem allir taka. Þótti mörgum til að mynda nauðsynlegt að íslenska og stærðfræði, stundum skilgreindar sem kjarnagreinar, væru hluti af skyldunámi allra. Aðrir bentu á mikilvægi lista, tungumála, náttúruvísinda og samfélagsgreina. Enn aðrir bentu á nauðsyn þess að allir kennaranemar fengju betri grunn í fræðigreinum kennslufræða, s.s. félagsfræði, sálfræði og heimspeki. Þegar síðan sex grunnþættir menntunar (Aðalnámskrá almennur hluti: 2011) voru kynntir til sögunnar í nýjum aðalnámskrám fyrir öll skólastig, var bent á nauðsyn þess að koma þeim fyrir í námskrá. Var sérstaklega rætt um jafnrétti og sjálfbærni í því samhengi. Við þetta bættist svo áhersla á svokölluð námssvið, s.s. skóla án aðgreiningar, skólaþróun, námsmat, læsi og fleira. Hér er ótalin áherslan á að auka vægi náms á vettvangi í námi allra kennaranemanna sem kom m.a. skýrt fram hjá Kennarasambandi Íslands (2008). Málsvarar flestra þessara sjónarmiða höfðu fyrirfram séð tækifæri til að auka vægi síns sviðs með lengingu kennaranámsins. Kennaradeild stóð frammi fyrir því að setta þessi sjónarmið og leita jafnvægis. Ekki þarf að taka fram að lífleg skoðanaskipti einkenndu fundi deildarinnar á þessum tíma. Hluti af þessu var leystur með því að skilgreina námssvið sem hluta af faggrein þar sem um var að ræða mikilvæga þætti í skólastarfi á öllum skólastigum sem ekki beint tilheyrðu faggreinum í hefðbundnum skilningi.

### ***Hvað telst vera faggrein/kennslugrein/greinasvið?***

Tekist var á um spurninguna um hvað telst vera faggrein/kennslugrein/námssvið gagnvart öllum skólastigum og er svo reyndar enn. Þetta tengist að hluta spurningunni sem fjallað er um hér á undan.

Í menntun leikskólakennara reyndi helst á þetta við inntöku þeirra sem taka námið samkvæmt svokölluðu raðmódeli á leiðinni *Menntunarfræði leikskóla*, þ.e. sækja um meistaranám eftir að hafa lokið bakkalárgráðu á sviði sem tengist einhverju af námssviðum leikskólans (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Þetta þarf að meta hverju sinni. Þeir sem hafa fengið inngöngu hafa lokið bakkalárprófi í mörgum og ólíkum fræðigreinum en höfðu þó flestir reynslu af því að vinna í leikskóla. Ræða þarf í hvert

sinn hvort bakkalárnámið tengist einu af námssviðum leikskólans og hvort það hafi innihaldið a.m.k. 30e í uppeldis og kennslufræði þannig að ákvæði reglugerðar um 150e væri uppfyllt. Það getur vel átt við, t.d. um þá sem lokið hafa prófi í sálfræði eða uppeldisfræði en síður í líffræði eða listum. Í þeim tilvikum er um undanþágu frá reglugerð að ræða.

Einnig hefur reynt á þessa spurningu við inntöku í hina nýju námsleið á meistarastigi *Kennslufræði grunnskóla* sem ætluð er þeim sem lokið hafa bakkalárprófi í einni af kennslugreinum grunnskóla. Sérstaklega hefur reynt á þetta í tengslum við svokallaðar samsettar námsgreinar, náttúrufræði og samfélagsfræði, þar sem kennslugrein er ekki endilega það sama og faggrein. Líffræðingurinn verður til að mynda brautskráður sem sérhæfður kennari í náttúrufræði jafnvel þótt hans fag sé einungis lítill hluti af námsgreininni. Sama gildir t.d. um mannfræðinginn eða félagsfræðinginn sem telst vera sérhæfður kennari í samfélagsgreinum. Í þessum tilvikum er það mikill kostur þegar viðkomandi hefur tekið tvær greinar í grunnnáminu.

Í *Kennslufræði framhaldsskóla* birtist þetta með öðrum hætti, þar sem réttindi eru bundin við aðalgrein sem viðkomandi hefur próf í. Réttur til inngöngu í námið miðast því við kennslugrein í framhaldsskóla. Mikil fjölbreytni er í námsleiðum í boði í framhaldsskólum og sífellt koma fram nýjar leiðir, t.d. nám í fjallamennsku, kynjafræðum og fleira. Þetta verður þá um leið kennslugrein í framhaldsskóla, en ekki faggrein, og fólk með þennan bakgrunn á rétt til inngöngu í námið.

Margir bentu á að stuðst væri við gömul viðmið um faggreinar sem gerði það að verkum að nýir þættir eða greinar kæmust ekki að í menntun kennara og þar af leiðandi inn í skólakerfið í heild sinni.

### ***Um íslensku í kennaranámi***

Miklar umræður voru um umfang hlut íslensku í kennaranámi og hvað gæti fallið undir það að vera íslenska og hvað ekki. Upphafið má e.t.v. rekja til þess að fjallað var um kennaramenntun í íslenskri málstefnu sem samþykkt var sem þingsályktun á Alþingi 2009 (Menntamálaráðuneyti, 2008). Þar var m.a. lagt til að allir grunnskólakennarar hafi að minnsta kosti 60 eininga nám að baki í íslensku máli, bókmenntum og kennslu íslensku sem annars máls. Menntavísindavið lagðist gegn

Þessu ákvæði málstefnunnar í álitu sínu og taldi að tillagan bryti i bága við ákvæði um sjálfstæði háskóla og myndi auk þess ekki vera til þess að bæta kennaramenntun. Þessari tillögu var mjög ákveðið fylgt eftir, m.a. af fagráði í íslensku innan Menntavísindsviðs og Íslenskri málnefnd með aðstoð fjölmiðla. Fjöldmörg minnisblöð, fundagerðir og tölvupóstar eru fyrirbyggjandi um samskipti vegna þessa máls þar sem dregin eru fram rök bæði með og á móti á árunum 2009 – 2013, sem ekki verða sérstaklega tilgreind hér. Inn í þá umræðu kom m.a. lagaleg staða íslenskrar málstefnu sem hafi verið samþykkt sem þingsályktunartillaga frá Alþingi. Niðurstaða varð að inn í kjarna kennaranáms var bætt nýju námskeiði (10e) um íslensku og stærðfræði í grunnskóla auk 5e um læsi á öllum stigum grunnskólans.

### ***Í hnotskurn***

Tekist var á um mörg álitamál við endurskipulagningu kennaranámsins nú eins og endranær, einungis hluti þeirra eru tilgreind hér. Þessi álitamál eru vel þekkt bæði frá fyrri tímum og erlendis frá (Zgaga, 2008). Hér er einungis birtingarmynd þeirra útskýrð. Enn er tekist á um aldagamalt ágreiningsmál um hlutfall faggreina á móti uppeldis- og kennslufræðum og það jafnvel þótt ljóst sé að myndin sé miklu flóknari og að merking að baki hafi breyst í tímans rás. Innan svokallaðra faggreina er einnig umræða um mikilvægi þess að samþætta umfjöllun um faggreinina sjálfa, greinina sem námsgrein og kennslufræði greinarinnar í námi verðandi kennara. Tekist var á við fjöldmörg álitamál sem ekki eru tíunduð hér, svo sem um fyrirkomulag og inntak vettvangsnáms og um magn og áherslur í aðferðafræði rannsókna, aðkomu grunnþátta menntunar inn í námið og margt fleira.

## **6 NÁMSLEIÐIR OG SKIPAN NÁMSINS**

Í námsskipan kennaranáms er skilgreindur ákveðinn kjarni á öllum námsleiðum en þar fyrir utan er möguleiki á að velja margvíslega sérhæfingu. Með þessu móti er reynt að koma til móts við þarfir skólanna fyrir sérfræðiþekkingu á mörgum sviðum. Með lengingu kennaranámsins skapast möguleiki á þessum fjölbreytileika í vali nemenda en einnig opnast leiðir til að koma inn í kennaranám á mismunandi tíma og að taka hluta af námi sínu á öðrum sviðum Háskólans eða í öðrum háskólum. Skýringarmynd (fylgiskjal 2) um yfirlit yfir námsleiðir gefur góða mynd af fjölbreytni í leiðum og



skörun milli skólastiga. Í öllum tilfellum fylgir námsskipan Bologna samþykkt og er gert ráð fyrir að nemendur ljúki fyrst bakkalárgráðu (180e) og sækji síðan um inngöngu í meistaranám (120e). Hér á eftir er fjallað í stuttu máli um námið út frá skólastigum en fyrst er settar fram upplýsingar um magn einstakra námsþátta í meginleið í kennaranámi fyrir hvert skólastig.

### Leikskólakennarafræði

Námsþáttur	B.Ed. 180 e	M.Ed. 120 e	Ahugasemdir
Fræðileg þekking / undirstaða uppeldis og menntunar	20e	20e	Menntunarfræði, sálfræði, uppeldisfræði, heimspeki
Almenn kennslufræði skólastigsins	30e	20e	Ýmsir þættir sem varða nám og kennslu á viðkomandi skólastigi. Vettvangsnám inni í námskeiðum.
Sérfræði aldurstigs / námssvið	90e	40e	Allir taka sömu námskeið á B.Ed. stigi, þar sem vettvangsnám er innifalið, en velja námssvið á meistarastigi.
Frjálst val nemenda	10e		
Fræðileg vinnubrögð	30e	40e	Aðferðafræði, talað mál og ritað, lokaverkefni til B.Ed. gráðu

### Grunnskólakennarafræði

Námsþáttur	B.Ed. 180e	M.Ed. 120e	Ahugasemdir
Fræðileg þekking / undirstaða uppeldis og menntunar	20e	10e	Félagsfræði, heimspeki, sálfræði, sjáfbærni og námsskrárfræði
Almenn kennslufræði skólastigsins.	30e	25e	Ýmsir þættir sem varða nám og kennslu á viðkomandi skólastigi. Vettvangsnám hluti af námskeiðum.
Sérfræði aldurstigs/ námssvið, kjörsvið.	80e	40e	Nemendur velja eitt eða tvö kjörsvið eða námssvið, vettvangsnám hluti af námskeiðum.
Frjálst val nemenda		10e	
Fræðileg vinnubrögð	30e	35e	Aðferðafræði, talað mál og ritað, lokaverkefni
Annað	20e		Upplýsingatækni, stærðfræði, íslenska og læsi

### Kennslufræði framhaldsskóla (viðbótardiplóma)

Námsþáttur	Kennslufræði, 60e	Ahugasemdir
Almenn kennslufræði skólastigsins (þ.m.t. vettvangsnám)	20e	Inngangur að kennslufræði og Námskrá og skólaþróun í framhaldsskólum
Kennslufræði faggreinar og vettvangsnám	20e	Nemendur velja námskeið í samræmi við fagið, 10e í vettvangsnámi teknar samhliða.
Bundið val nemenda	20e	Nemendur velja námskeið í uppeldis- og kennslufræði af vallaða.

## **Leikskólakennaranám**

Nám verðandi leikskólakennara tilheyrir námsbrautinni *Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla*. Í grófum dráttum má segja að í boði séu þrjár leiðir við Menntavísindasvið til að fá réttindi sem leikskólakennari (fylgiskjal 2). Í fyrsta lagi er hefðbundið nám í leikskólakennarafræðum bæði á bakkalárstigi og á meistarastigi (samtals 300e sbr. tafla hér að ofan). Námsleiðin uppfyllir skilyrði reglugerðar (nr. 872/2009) um 150e að lágmarki í uppeldis- og kennslufræði og 90 einingar í námssviðum leikskóla (sbr. Aðalnámskrá leikskóla (2011)). Í öðru lagi geta þeir sem lokið hafa bakkalárprófi í grein sem tengist uppeldisfræði eða námssviðum leikskóla, sótt um meistaranám (120e) í leikskólakennarafræðum. Ennfremur er mögulegt að taka grunnskólakennarafræði með menntun yngri barna sem sérhæfingu og velja sérstaklega áfanga sem veita réttindi yfir á næsta skólastig samkvæmt áður nefndri reglugerð. Auk þessa getur nemendur á öðrum leiðum Háskóla Íslands tekið leikskólakennarafræði sem aukagrein til 60e svo fremi að viðkomandi deild samþykki það. Nemar sem taka þá leið geta sótt um aðgang að meistaranámi í leikskólakennarafræðum.

Mikill skortur hefur verið á leikskólakennurum í landinu og því hefur verið ákveðið að bjóða upp á styttri námsleið, 120e diplómunám á bakkalárstigi frá hausti 2014. Nemar á þeirri leið geta síðar sótt um áframhaldandi nám til fullnustu B.Ed. gráðu og haldið áfram í meistaranám. Á meistarastigi dýpka nemar þekkingu sína á námssviðum með því að velja á milli fimm 40e námssviða/sérsviða.

### *Vettvangsnám*

Vettvangsnám fer fram á vettvangi í leikskólum sem Menntavísindasviðs hefur gert samstarfssamning við. Í vettvangsnámi fá nemar tækifæri til að tengja saman fræði og framkvæmd. Gert er ráð fyrir að leikskólakennaranemar nýti sér reynslu af vettvangi til að tengja saman verklega og fræðilega þekkingu og byggja upp fagmennsku. Á fyrsta ári er leikskólakennaranema úthlutaður leikskóli þar sem hann stundar vettvangsnám og hefur aðgang að á námstímanum. Á M.Ed. stigi er vettvangsnámið tengt aðferðafræði starfendarannsókna og sérsviði nemenda. Samtals eru 46e í vettvangsnámi á hefðbundinni leið í leikskólakennarafræðum, 30e á bakkalárstigi sem

dreifast á mismunandi námskeið og 16e á meistarastigi í tveimur námskeiðum. Þeir sem koma í meistaránám að loknu bakkalarprófi í annarri grein taka 26e á vettvangi.

### **Grunnskólakennaranám**

Nám í grunnskólakennarafræðum tilheyrir öllum fjórum námsbrautum í Kennaradeild (fylgiskjal 2). Á brautinni *Menntun ungra barna í leik og grunnskóla* sérhæfa verðandi kennarar sig í kennslu ungra barna í grunnskóla. Kennsla ungra barna er skilgreind sem faggreinahluti námsins (120e) með áherslu á kennslufræði greinanna og samþættingu (t.d. stærðfræði og listir). Á námsbrautinni *Grunnskólakennsla* eru þeir sem kjósa að sérhæfa sig í tveimur kennslugreinum grunnskóla eða í kennslugrein og námssviði (80e + 40e). Á brautinni *Faggreinakennsla* eru þeir sem sérhæfa sig í einni kennslugrein (til 120e) og stefna helst á kennslu á unglingastigi grunnskóla. Sameiginlegur kjarni er skipulagður fyrir nemendur á öllum þremur brautunum en nemendur fá samskonar leyfisbréf að loknu námi, sem grunnskólakennarar. Á fjórðu brautinni *Kennslufræði iðnmeistara* eru þeir sem hafa lokið menntun með meistarabréfi í iðn sem jafnframt er kennslugrein í grunnskóla eða í framhaldsskóla og sækja sér kennsluréttindi í sínu fagi. Þá er ótalin leið á meistarastigi sem nefnist *Kennslufræði grunnskóla* sem er leið á meistarastigi (120e) og er ætluð þeim sem hafa lokið bakkalárgráðu í einhverri af kennslugreinum grunnskóla (sbr. Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Auk þessa er hægt að taka grunnskólafræði sem aukagrein á bakkalárstigi. Ennfremur er geta namar í leikskólakennarafræðum tekið sérhæfingu í kennslu ungra barna í grunnskólum og namar í kennslufræði framhaldsskóla fá réttindi til að kenna sína grein á unglingastigi grunnskólans. Því er ljóst að kennarar sem koma til starfa í grunnskólum landsins hafa ólíkan bakgrunn (fylgiskjal 2) en uppfylla öll ákvæði reglugerðar (nr. 872/2009) um fjölda eininga í faggreinum og uppeldis- og kennslufræðum.

#### Vettvangsnám

Vettvangsnám fer fram í grunnskólum sem eru samstarfsskólar sviðsins og er skipulagt með svipuðum hætti á öllum leiðum. Það tengist ýmist námskeiðum á kjörsviðum eða í kennslufræðum. Samtals eru 42 einingar í vettvangsnámi, 18e á

bakkalárstigi og 24e á meistarastigi. Á meistarastigi eru 16e í vettvangsnámi í einu 25 eininga námskeiði og dreifist á allt misserið.

### **Framhaldsskólakennaranám**

Langflestir framhaldsskólakennarar taka nám sitt samkvæmt svokölluðu raðmódeli þannig að þeir byrja á því að taka bakkalárgráðu í einni af kennslugreinum framhaldsskóla og taka síðan að lágmarki 60e í uppeldis- og kennslufræðum. Síðan getur fólk valið hvort það lýkur meistaragráðunni í viðeigandi fagdeild eða að ljúka því til meistaragráðu (120e) í uppeldis- og kennslufræðum. Á þeirri leið sérhæfa nemendur sig í einu námssviði til 60e (ritgerð meðtalin). Þeir sem þegar hafa lokið meistaragráðu í faggrein sem er ein af kennslugreinum framhaldsskóla taka svokallaða viðbótardiplómu (60e) á námsbrautinni *Kennslufræði framhaldsskóla*. Námsleiðin skiptist í 40e kjarna og 20e val.

#### *Vettvangsnám*

Vettvangsnám er samtals 10 einingar af þeim 60 einingum sem verðandi framhaldsskólakennurum er skylt að taka í kennslufræðum samkvæmt reglugerð (nr. 872/2009). Þeir fá úthlutaðan heimaskóla og námið dreifist yfir allan veturinn. Vettvangsnám er ekki hluti af undirbúningi þeirra í öðrum deildum HÍ.

### **Helstu breytingar í hnotskurn**

Með lengingu kennaranámsins hafa námsleiðir sem leiða til kennsluréttinda orðið mun fjölbreyttari en áður var (fylgiskjal 2). Nú geta verðandi kennarar á öllum skólastigum stundað nám samkvæmt svokölluðu raðmódeli, þ.e. lokið bakkalárgráðu á sviði sem tengist námskrá viðkomandi skólastigs og tekið uppeldis- og kennslufræði á meistarastigi. Áður gátu einungis framhaldsskólakennarar farið þessa leið. Eftir sem áður er hið samþætta módel meginleið í námi leik og grunnskólakennara. Enn fremur eru nú meiri möguleikar en áður á flæði á milli skólastiga samkvæmt reglugerð um inntak kennaramenntunar (872/2009).

## **7 UM SAMSTARF VIÐ ÖNNUR SVIÐ HÍ OG AÐRA HÁSKÓLA**

Með sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands árið 2008 var lögð áhersla á samstarf við aðrar deildir HÍ um menntun kennara. Samstarfið hefur að

mestu leyti snúist um menntun framhaldsskólakennara og faggreinahluta í námi verðandi grunnskólakennara. Varðandi nám framhaldsskólakennara snerist umræðan mikið um ábyrgð, ákvarðanatöku og umfang uppeldis- og kennslufræða annars vegar og kennslugreina hins vegar eins og þegar hefur verið vikið að.

Samstarf við aðrar deildir HÍ varðandi menntun grunnskólakennara hefur eingöngu snúist um faggreinahluta námsins. Kennarahópar í mismunandi deildum hafa rætt saman og reynt að finna leiðir til samþættingar með gagnkvæman ávinning í huga. Það á t.d. við um kennara í stærðfræði, íslensku, ensku, dönsku og að hluta í samfélagsfræði. Talsverð samþætting hefur verið í ensku þar sem námskeið í Kennaradeild og Deild erlendra tungumála eru sýnileg í kennsluskra beggja deilda og flæði nemenda á milli er talsvert. Í Raunvísindadeild er nemendum í stærðfræði boðið að taka sérhæfingu í stærðfræðikennslu sem hluta af námi sínu í deildinni.

Kennaranemar sem hafa valið sér kjörsvið í dönsku taka stærstan hluta dönskunnar í Íslensku- og menningardeild (sjá kennsluskra). Nemendum á þessari leið hefur reyndar fækkað mjög mikið. Helstu hindranir fyrir samþættingu eru oftast en ekki tengdar skipulagi, s.s. árekstarar í stundatöflu, fjármál ekki gengið upp eða vandi sem tengist staðsetningu skólanna. En hindranir sem varða inntak koma einnig upp. Minnkandi kennslumagn vegna niðurskurðar og nemendafækkunar hefur einnig haft áhrif á Menntavísindasviði þar sem kennarar hikuðu við að beina nemendum sínum annað og minnka þannig enn frekar það kennslumagn sem til umræða er á sviðinu. Auk þess er enn mikil áhersla á samþættingu í faggreinakennslu á Menntavísindasviði, þar sem kennsla um námsgreinina sjálfa, greinina sem kennslugrein og kennslufræði greinarinnar er samofin.

Umræða var á milli Kennaradeildar og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um samstarf í kennslu náttúrufræðigreina. Slíkt samstarf er að mörgu leyti fýsilegra heldur en við aðrar deildir HÍ þar sem mikil fagleg breidd er í náttúrufræðimenntun í LbHÍ og á MVS. Ekki hefur þó orðið af formlegu samstarfi milli þessara skóla.

Samningur við Listaháskóla Íslands var undirritaður þann 10. júní 2012 um gagnkvæman aðgang nemenda í LHI og á MVS án aukagjalds. Samkomulagið nær til nemenda í meistaranámi í Listkennsludeild LHÍ og nemenda í Kennaradeild á MVS sem lokið hafa B.Ed. prófi á kjörsviðinu *Tónlist, leiklist, dans*.

Samstarf við Kennaradeild á Hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri hefur alltaf verið nokkuð og felst einkum í því að samkomulag hefur verið um að nemendur geti tekið hluta af námi sínu í þeim háskóla sem þeir eru ekki skráðir til náms. Vorið 2014 urðu þó kaflaskipti í þessu samstarfi þar sem fengist hefur styrkur frá Samstarfsnefnd opinberra háskóla til að móta þetta samstarf enn frekar og er sú vinna hafin.

## 8 AÐSÓKN AÐ KENNARANÁMI

Í þessum hluta er fjallað um þróun í aðsókn í kennaranám. Unnið er með upplýsingar úr nemendaskrá Háskóla Íslands um fjölda umsókna, þeirra sem hefja nám og brautskráðra frá árinu 2005 til 2013..

Í Töflu 1 má lesa upplýsingar um fjölda brautskráðra með B.Ed. gráðu í leik- og grunnskólakennarafræðum. Eins og sjá má hefur mikið fækkað í þessum hópi; árið 2006 brautskráðust 356 nemendur en árið 2013 brautskráðust 137 nemendur af þessum tveimur leiðum. Mest er fækkunin milli áranna 2011 og 2012.


Tafla 1 Fjöldi brautskráðra með B.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands/ Menntavísindasviði 2005-2013

Námsleið	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Grunnskóla-kennarafræði	269	257	195	184	173	210	213	111	113
Leikskóla-kennarafræði	58	99	80	71	63	83	77	27	24

<b>Samtals</b>	<b>327</b>	<b>356</b>	<b>275</b>	<b>255</b>	<b>236</b>	<b>293</b>	<b>290</b>	<b>138</b>	<b>137</b>

Á næstu myndum má sjá þróun í fjölda umsókna og innritaðra árin 2005 – 2013. Umsóknum fækkar mjög á milli árunna 2007 og 2008 í leikskólakennarafræðum (Mynd 1) en þeim sem hefja nám fækkar hlutfallslega mun minna. Eftir það fækkar bæði umsóknum og fjölda innritaðra mikið fram til 2011 þegar einungis 23 nemendur hefja nám. Eftir það sígur fjöldinn hægt uppá við; 25 nemendur hefja nám haustið 2012 og 38 nemendur haust 2013.


Á Mynd 2 má lesa fjölda umsókna og innritaðra á meistarastigi í leikskólakennarafræðum. Af þeim 27 nemendum sem brautskráðust í leikskólakennarafræðum vor eða haust 2012 (Tafla 1) höfu 16 nám á meistarastigi þá um haustið, eða tæp 60%. Haustið 2013 er hlutfallið heldur óhagstæðara. Þá hófu 13 nám af þeim 24 sem brautskrást, rétt um 54%. Rétt er þó að hafa í huga að þetta eru ekki endilega sömu nemendurnir.



Mynd 1 Leikskólakennarafræði til B.Ed.-gráðu, fjöldi umsækjenda og þeirra sem hefja nám




Það sem hins vegar gæti bætt þessa stöðu nokkuð er fjöldi þeirra sem innritast í *Menntunarfræði leikskóla* sem er hópur sem lokið hefur öðru námi á bakkalárstigi. Samtals hófu 10 nemendur nám á þeirri leið haustið 2012 og 18 nemendur haustið 2013. Af þeim sem hófu námið 2012 hefur aðeins einn lokið meistaraþáttu og annar áætlað að ljúka vorið 2014. Tveir eru enn í náminu en aðrir virðast vera hættir.




Mynd 2 Fjöldi umsókna og þeirra sem hefja nám í leikskólakennarafræðum 2012 – 2013

Þegar litið er á sambærilegar tölur um grunnskólakennarafræði, blasir svipuð mynd við þótt fækkun umsókna og innritaðra sé hufallslega ekki eins mikil á bakkalárstigi (Mynd 3) og í leikskólakennarafræðum. Þegar mest var hófu 263 nemendur nám haustið 2006 en hefur fækkað jafnt og þétt og haustið 2013 hófu 96 nemendur nám. Engin merki eru um viðsnúning. Svipuð þróun birtist í fjölda umsókna.



Mynd 3 Grunnskólakennarafræði til B.Ed.-gráðu, fjöldi umsækjenda og þeirra sem hefja nám


Á Mynd 4 má lesa upplýsingar um fjölda umsókna og innritaðra í grunnskólakennarafræðum á meistarastigi. Þar skiptast nemendur á fjórar brautir. Nemendur sem innritast í Kennslufræði grunnskóla hafa lokið bakkalárprófi í einni af kennslugreinum grunnskóla og taka meistaranámi í uppeldis- og kennslufræðum til að fá kennsluréttindi. Þeim hefur lítillega fjölgað milli ára eða úr 11 í 14. Af þeim 11 sem innrituðust haustið 2012 áætla fimm að brautskrást á þessu ári, þrír eiga lengra eftir, aðrir eru hættir eða hafa flutt sig um set.



Mynd 4 Fjöldi umsókna og innritaðra í meistaranám í grunnskólakennarafræðum 2012 og 2013

Nemar á hinum brautunum þremur halda væntalega flestir áfram námi að loknu B.Ed. prófi í grunnskólakennarafræðum á einhverri þessara námsleiða. Þegar lagður er saman fjöldi þeirra sem hófu nám haustið 2012 (13+9+35) kemur í ljós að 57 halda áfram námi af þeim 111 sem brautskrást það sama ár (Tafla 1) eða rétt um 50%. Rétt er að ítreka að ekki er víst að um sömu nemendur sé að ræða. Haustið 2013 er þetta hlutfall eilítið hagstæðara. Þá hefja samtals 69 nemendur nám (11+11+47) af þeim 113 sem brautskrást það sama ár, eða ríflega 60%.

Á Mynd 5 eru upplýsingar um fjölda umsókna og innritaðra í Kennslufræði iðnmeistara, 60 eininga grunndiplómu, og nám til B.Ed. gráðu sem fyrst var boðið upp á haustið 2013. Einungis fjórir nemendur hófu nám á þessari nýju leið.



Mynd 5 Fjöldi umsókna og innritaðra í Kennslufræði iðnmeistara og Kennslufræði framhaldsskóla, 2012 – 2013

Ekki er mikið vitað um ástæður þessarar nemendafækkunar. Líklegast er þó að lenging námsins hafi þar áhrif. Þó má benda á að þessi þróun var hafin áður en það lá fyrir að lengja námið. Ennfremur má benda á breyttar inntökureglur eftir sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands; eftir hana fengu ekki aðrir inngöngu en þeir sem lokið höfðu stúdentsprófi. Fram að því hafði starfsreynsla og annað nám verið metið að hluta. Enn ein skýringin gæti legið í auknu framboði náms á háskólastigi. Lengi vel fór fólk í kennaranám vegna þess að það hafði mikla faglega breidd og gaf fjölbreytta starfsmöguleika. Nú eru hins vegar margir möguleikar á

slíku námi. Ein slík leið er t.d. ný námsleið í tómsunda- og félagsmálafræðum sem hefur verið vinsæl. Áður fóru margir þeirra, sem höfðu áhuga á að vinna með börnum og unglingum í félagsstarfi, í kennaranám.

## 9 AÐ LOKUM

Ljóst er að mikil gerjum og umbreytingar hafa fylgt kennaranámi, að minnsta kosti síðustu þrjá áratugin. Á þetta sérstaklega við um nám grunnskólakennara og leikskólakennara. Tekist hefur verið á um vel þekkt álitamál sem gjarna hafa fylgt umræðu um kennaramenntun bæði hér á landi og annars staðar. Tímamót voru í kennaramenntun árið 2008 þegar ný lög um kennaramenntun voru samþykkt, efnahagskreppa skall á þjóðina og Kennaraháskólinn sameinaðist Háskóla Íslands. Eins og nærri má geta fylgdu þessum tímamótum talsverð umbrot sem reynt er að gera skil í þessum kafla.

Kennaranám á Menntavísindasviði er skilgreint sem rannsóknartengt starfsnám þar sem lögð er áhersla á að undirbúa kennara til að leggja grunn að árangurríku starfi í skólum landsins og að leiða faglega þróun þess, kennara sem hafa góða þekkingu á viðfangsefnum sínum og færni til að skapa námsumhverfi sem hæfir margbreytilegum nemendahópi. Gildandi lög og stefnur og straumar hér á landi og erlendis hafa mótandi áhrif á inntak námsins.

Við sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands höfðu margir væntingar um að með því gæfist tækifæri til að bæta kennarmenntun. Hins vegar virðist sem hafi verið óljóst við hvað var átt og menn höfðu ólíkar væntingar um það hvað mætti verða til þessa að bæta kennaramenntun. Að minnsta kosti má segja að markmið um fjölbreyttara og sveigjanlegra námframboð í námi leik-, grunn- og framhaldsskólakennara (Þingskal 519/2005-2006) hafi náð fram að ganga. Það má þó ekki síður rekja til nýrra laga um kennaramenntun. Ennfremur hefur nemendur á nokkrum leiðum í HÍ gefist tækifæri til að tengja nám sitt kennaranámi (sama heimild), þótt eflaust hefðu margir viljað ganga lengra þar. Samstarfið hefur að mestu snúist um menntun framhaldsskólakennara.

Í þessari greinargerð er ekkert fjallað um menntarannsóknir og spurninguna um það hvort þær hafa styrkst hin síðari ár. Aðrir munu væntanlega verða til þess að fjalla um

það. Það sama á við um íslenska kennaramenntun í alþjóðlegu samhengi og um námsframvindu nemenda í nýju kennaranámi.

Eitt helsta áhyggjuefnið er minnkandi aðsókn að kennaranámi sem gæti þegar fram líða stundir haft afar neikvæð áhrif á skólastarf. Brugðist hefur verið við í námi leikskólakennara með því að stofna styttri námsbraut. Aðsókn hefur áður fallið mikið, um leið og auknar kröfur eru gerðar, en jafnað sig fljótt aftur. Þess er vænst að það muni einnig gerast í þetta sinn.

Ljóst er að endurskipulagningu kennaranáms er aldrei lokið; það tekur sífelldum breytingum eftir því sem þekking um nám og skólastarf eykst. Mikilvægt er að halda þessari gerjun lifandi og halda áfram að styrkja rannsóknarstarf á sviði Menntavísinda og byggja þannig undir grunninn að öflugu og framsæknu menntakerfi.

## Heimildir

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti, 2011.

Aðalnámskrá grunnskóla: Almenntur hluti, 2011.

Aðalnámskrá leikskóla, 2011.

Auglýsing um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður, nr. 530/2011.

Anna Kristín Sigurðardóttir. (2010). Professional learning community in relation to school effectiveness. *Scandinavian Journal of Educational Research*. 54/5, 395-412.

Anna Kristín Sigurðardóttir, Bryndís Garðarsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Helga Rut Guðmundsdóttir, Hrönn Pálmadóttir, Júlía Þorvaldsdóttir, Lilja M. Jónsdóttir, Sigríður Pétursdóttir, Sigríður K. Stefánsdóttir, Sunna Kristín Gunnlaugsdóttir, Þuríður Jóhannsdóttir. (2008). *Vettvangsnám í kennaramenntun og samstarf við starfsvettvang. Greinargerð og tillögur frá starfshópi um vettvangsnám*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

<http://www.hi.is/files/skjol/menntavisindasvid/skyrslaumvettvangsnam.pdf>

Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson (ritstjórar). (2009). Fimm ára kennaranám: Tillögur starfshóps um inntak og áherslur. Áfangaskýrsla. Reykjavík: Menntavisindasvið Háskóli Íslands.

[http://www.hi.is/files/skjol/menntavisindasvid/\\_ra\\_kennaran\\_m\\_-\\_till\\_gur\\_starfsh\\_ps\\_2\\_.pdf](http://www.hi.is/files/skjol/menntavisindasvid/_ra_kennaran_m_-_till_gur_starfsh_ps_2_.pdf)

Ellis, Edwards og Smagorinsky. (2010). Introduction. Í Ellis, Edwards og Smagorinsky (ritstjórar), *Culturalhistorical perspectives on teacher education and development*. London: Routledge.

Gretar L. Marinósson. (ritstjóri). (2007). *Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gretar L. Marinósson, Þórunn Blöndal og Þuríður Jóhannsdóttir (ritstjórar). (2005). *Nám í nýju samhengi. Erindi á málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands 11. og 12. ágúst 2005*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölmennning og menntun kennara. *Kennaramenntun í deiglu*. Sótt af: [http://vefir.hi.is/kennaramenntun/?page\\_id=493](http://vefir.hi.is/kennaramenntun/?page_id=493)

Háskóli Íslands. (2008). *Skýrsla verkefnishóps um skipulag og framkvæmd náms á nýju menntavisindasviði Háskóla Íslands*. Óbirt skýrsla.

Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Kennarastéttin. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007*. Síðara bindi, 1947-2007, bls. 198-215.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Grunnþættir menntunar í aðalnámskrá og fagmennska kennara

Hugleiðing til heiðurs Ólafi J. Proppé. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*.

Ingvar Sigurgeirsson. (2003). Kennaramenntun og skólaþróun. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*.

Jóhanna Einarsdóttir. (2011). Training of Preschool Teachers in Iceland. Óbirt skýrsla.

- Jón Torfi Jónasson (2012). Hugleiðingar um kennaramenntun. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Kennaraháskóli Íslands. (2008). *Aldarspejill. Kennaraskóli Íslands / Kennaraháskóli Íslands 1908 – 2008*. Reykjavík: Höfundur.
- Kennarasamband Íslands (2008). *Skólafestna Kennarasambands Íslands 2008-2011*. Reykjavík: Kennarasamband Íslands
- Kristín Aðalsteinsdóttir. (2007). Að styrkja „haldreipi skólastarfsins“. Menntun grunnskólakennara á Íslandi í 100 ár. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 57-82.
- Kristín Norðdal. (2009). Menntun til sjálfbærrar þróunar – í hverju felst hún? Um gerð og notkun greiningarlykils til að greina slíka menntun. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Loftur Guttormsson (ritstjóri). (2008). *Alþýðufræðsla á Íslandi 1880-2007*. Fyrri og síðara bindi. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- McKinsey & Company (2007). How the world's best performing school systems come out on top. OECD: McKinsey & Company.
- Menntamálaráðuneyti. (2008). Íslenska til alls. Tillögur íslenskrar málnefndrar að íslenskri málstefnu. Menntamálaráðuneytið: Höfundur.
- Menntamálaráðuneyti. (2006). *Tillögur starfshóps um framtíðarskipan kennaramenntunar*. Menntamálaráðuneytið: Höfundur.
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands. (2010). Greinargerð um námsleiðir í kennaranámi við Menntavísindasvið HÍ. Áfangaskýrsla III. Óútgefin skýrsla: <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/files/2010/04/greinagerdaksloka.pdf>
- Menntavísindasvið Háskóla Íslands. (2009). Fimm ára kennaranám. Áfangaskýrsla II um tillögur starfshóps. Óútgefin skýrsla: <http://vefir.hi.is/kennaramenntun/files/2010/04/afangaskyrsla2.pdf>
- Ragnhildur Bjarnadóttir (2012). Stefnunótun í kennaranámi Áhersla á rannsóknir – áhersla á vettvang. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*.
- Reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, nr. 872/2009.
- Reglur fyrir Háskóla Íslands, nr. 569/2009.
- Trausti Þorsteinsson (2002). Fagmennska grunnskólakennara á Norðurlandi eystra. Í *Uppeldi og menntun 11*, bls 147-170.
- Zgaga, P. (2008). Mobility and the European Dimension in Teacher Education. In *Teacher education policy in Europe. A voice of higher education institutions*. Eds. Brian Hudson and Pavel Zgaga. Umeå: Faculty of teacher education, University of Umeå.
- Þingskjal nr. 519/2005-2007. Frumvarp til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Greinargerð með frumvarpi og fylgiskjöl. Sótt af: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0519.html>

Þingskjal nr. 322/2007-2008. Frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Greinargerð með frumvarpi. Sótt af:

<http://www.althingi.is/altext/135/s/0322.html>



Úr skýrslu: Anna Kristín Sigurðardóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson, 2009

### Samantekt á helstu tillögum

Starfshópurinn leggur til að:


- Kennaranám við Menntavísindasvið (fyrir kennara í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum) verði áfram skilgreint sem rannsóknartengt starfsnám þar sem leitast er við að tengja rannsóknir og starf á vettvangi í gegnum allt námið (bls. 25).
- Skilgreind verði hæfniviðmið sem litið verði á sem almenn leiðarljós í kennaramenntun. Þau feli í sér þekkingu og færni til að skipuleggja kennslu sem hæfir ólíkum nemendum, rannsaka eigið starf, eiga samskipti við ólíka aðila, að vinna með samskipti, að leggja rækt við jákvæð viðhorf og mikilvæg gildi og hæfni til að vera leiðtogar á sviði kennslu og skólastarfs (bls. 17-18).
- Vægi vettvangsnáms í kennaranámi verði aukið þannig að kennaranemi verði ekki minna en 20% námstímans á vettvangi (bls. 19).
- Þættir eins og samskipti og samstarf, foreldrasamstarf, agi og bekkjarstjórnun, skólaþróun og leiðtogahlutverk kennara, kennsla barna með sérþarfir og skóli án aðgreiningar, fjölmeningarkennsla, barnavernd og jafnrétti fái aukið vægi kennaranámi á öllum skólastigum (bls. 20).
- Þræðir sem nú þegar eru skilgreindir í kennaramenntun verði endurskilgreindir þannig að þeir endurspegli m.a. áherslu á gildismat, samstarf og teymisvinnu (bls. 20).
- Verðandi kennarar á öllum skólastigum hafi tækifæri til að sérhæfa sig á ákveðnum sviðum skólastarfs sem ekki tengjast beint kennslugrein (bls. 21).
- Skilgreind verði leið til kennsluréttinda í leikskóla fyrir fólk sem hefur tekið B.S.-gráðu eða B.A.-gráðu í grein sem tengist einhverju af námssviðum leikskóla (bls. 21).
- Skapaður verði vettvangur fyrir reglubundið samráð við hagsmunaaðila utan háskólans (bls. 21).
- Nemendum á leikskólabraut og á kjörsviði yngstu barna í grunnskóla gefist kostur á að velja leið sem veitir kennsluréttindi á báðum skólastigum (bls. 23).

**Starfshópurinn áréttar að auki:**

- Mikilvægi þess að formlegt samstarf sé milli einstakra fræðasviða háskólans og viðkomandi kjörsviða / kennslugreina í samræmi við tillögur verkefnishóps þar um (bls. 22).
- Að því verði beint til skólayfirvalda (sveitarfélaga og ráðuneytis) að markvisst verði unnið að stuðningi við kennara á fyrsta starfsári (fyrstu starfsárum) (bls. 22).

## KENNARAEILD

## Skipan kennaranáms



1) Með sérstöku vali á viðkomandi námsleiðum.

2) Faggreinakennsla í grunnskóla og Kennslufræði grunnskóla veita heimild til að kenna sína kennslugrein í byrjunaráföngum framhaldsskóla.

3) Menntun framhaldsskólakennara og viðbótardiplóma í kennslufræði framhaldsskóla veita einnig heimild til að kenna sína kennslugrein í 8.–10. þékk grunnskóla.

